



## Beckofloor Golvfärg

### Vörunr. 5013

#### Lýsing

Beckofloor Golvfärg (5013) er úreþan/alkýð gólfmálning. Málningin gefur hágljáandi og slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrifa. Málningin er auðunnin, flýtur mjög vel og þolir vel alls kyns olíur.

#### Notkun

Beckofloor Golvfärg (5013) er ætluð á tré-, linoleum- og steingólf, bæði innan- og utanhúss. Málningin hentar vel á fleti sem verða fyrir takmarkaðri áníðslu, t.d. svalagólf, íbúðarhúsnæði og fleira.

#### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> Staðallitir auk litakerfis	<b>Þurrefni:</b> 48 % (rúmmál)
<b>Gljástig:</b> 80	<b>Þynnir:</b> Terpentína
<b>Pakkningar:</b> 1 og 4 lítra	<b>Áhaldahreinsir:</b> Terpentína
<b>Efnisnotkun:</b> 7-10 m <sup>2</sup> /l	<b>Þurrktími:</b> 4 klst.
<b>Eðlisþyngd:</b> 1,1 kg/l	<b>Yfirmálun:</b> Eftir 16 klst.

#### Undirmálun

Grunnið með þynntu Beckofloor Golvfärg (5013).

#### Yfirmálun

Ekki þarf að mála yfir Beckofloor Golvfärg (5013). Líði lengri tími en 1 vika milli umferða skal mattslípa flötinn fyrir málun til að tryggja góða viðloðun.

#### Áhöld

Rúlla eða pensill.

## Vinnutilhögun

### Nýmálun

Viðargólf: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með **Beckofloor Golvfärg** (5013) þynntu 10 % með terpentínu. Málið að lokum 1-2 umferðir með **Beckofloor Golvfärg**.


Steingólf: Steingólf þurfa að vera minnst 4 vikna gömul áður en þau eru máluð. Þar sem meira mæðir á, t.d. utanhúss, ætti steypa að vera eldri. Fjarlægið fitu o.þ.h. með olíuhreinsum. Laust bundna sementshúð í yfirborði þarf að fjarlægja og er það best gert með saltsýrupvotti. Grunnið með einni umferð af **Beckofloor Golvfärg** (5013) þynntu 15 % með terpentínu. Málið 1-2 umferðir með óþynntu **Beckofloor Golvfärg**.

### Endurmálun

Þrifið með Málningarhreinsi (6208). Skolið vandlega með vatni. Mattslípið gljáandi fleti með sandpappír. Málið 1-2 umferðir með **Beckofloor Golvfärg** (5013).

### Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.